

Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 83.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík þriðjudaginn 13. júní kl 14:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson og Eiríkur L. Hauksson áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Margeir Friðriksson og Fannar Viggósson.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Ársreikningur 2016.
3. Ákvörðun um aðalfund.
4. Staða og horfur í rekstri.
5. Fjárfestingar og framkvæmdir
 - a) Vélar og tæki.
 - b) Gaskerfi.
6. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð stjórnarfundar 27. mars 2017, nr. 82 lögð fram og formlega samþykkt.

2. Fjármál

Margeir fór yfir loka drög að ársreikningi rekstarársins 2016. Rekstrartekjur námu 176.939 þús. og rekstrargjöld 79.669 þús. Fjármagnsliðir námu 17.449 þús. Hagnaður ársins var því 79.822 þús. Gerðar voru örlitlar breytingar á framsetningu til að sýna söðu lokunarsjóðs vegna vöktunar á svæðinu þegar urðun verður hætt. Stjórn samþykkir ársreikninginn fyrir sitt leyti og samþykkir að vísa honum til Aðalfundnar Norðurá bs.

3. Ákvörðun um aðalfund.

Samþykkt að halda aðalfund Norðurá bs., vegna ársins 2016 í Félagsheimilinu Miðgarði 29. júní næstkomandi kl: 14:00

4. Staða og horfur í rekstri.

Almennt segir Fannar að daglegur rekstur á staðnum gangi vel þó kviknað hafi tvívegis í gorgryfjunni. Ástæða þess var mikill hiti í gærum sem voru urðaðar. Talið er að um einsdæmi sé að ræða og ekki er gert ráð fyrir að aftur berist álíka magn af gærum sem í er hiti. Greiðlega gekk að slökkva eldinn og ekki varð tjón á fólki eða tækjum. Sorpmagnið sem borist hefur til urðunar á fyrstu fimm mánuðum ársins er 6.882 tonn en á sama tíma árið 2016 voru það 6.736 tonn sem var þá aukning um 700 tonn frá árinu 2015. Sorpmagnið milli árána 2016 og 2017 er því mjög svipað og áætlað var.

Margeir lagði fram yfirlit um stöðu rekstarins miðað við áætlun fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins. Rekstarniðurstaða fyrstu fjóra mánuðina er mjög samhljóma áætluninni sem gerð var. Flest allir kostnaðarliðir eru á áætlun. Stærsta frávikið er lægri kostnaður við afborganir lána en það skýrist af lægri verðbólgu en búíð var að áætla á tímabilinu. Niðurstaðan er því heldur betri en áætlað var.

5. Fjárfestingar og framkvæmdir.

a) Vélar og tæki

Rætt um endurnýjun á troðara sem legið hefur fyrir að þyrfti að endurnýja fljótlega. Ákveðið að kaupa nýjan troðara en ekki notaðan. Samþykkt að Fannar fái endurnýjað tilboð sem áður var búíð að fá frá Vélafli í nýja vél með þeim búnaði sem æskilegur er vegna vinnu í Stekkjarvík. Óskað er eftir að tilboðið verði sundurliðað í erlendri mynt þannig að félagið taki gengisáhættuna. Endurnýjað tilboð verður kynnt á aðalfundi félagsins en gert er ráð fyrir að þessi fjárfesting sé um eða yfir 40 milljónir króna.

Fannar gerði grein fyrir því að beltagrafa félagsins væri orðinn döpur og er það hans tillaga að endurnýja þurfi vélina sem er 33 tonna. Jóni og Fannari falið að kanna verð og framboð á notuðum vélum.

Ákveðið var að endurnýja fjórhjólíð sem Norðurá á og kaupa hjól sem myndi kosta í kringum milljón.

Ein af þeim framkvæmdum sem gera þarf í sumar er að sá í manirnar sem gerðar voru árið 2016. Ákveðið að Fannar hafi samband við Sel ehf., og kanni möguleika þeirra og kostnað við að sjá um verkið.

b) Gaskerfi

Fyrir liggur frá Gunnari Svavarssyni á Verkfræðistofunni Eflu yfirlit um verkþætti, búnað og áætlaðan kostnað við söfnun á gasi. Samkvæmt því yfirliti er áætlaður heildarkostnaður um 45 milljónir. Fyrir liggja líka gögn um þann tækjabúnað sem þarf í slíka söfnun og til brennslu á gasinu. Rætt við Smára Guðfinnsson hjá Eflu í síma um frekari framgang málsins. Í hans máli kom meðal annars fram að það tæki um 12 vikur frá því búnaðurinn væri pantaður þar til hann væri kominn á staðinn. Ekki liggur mikil vinna í uppsetningu en brennslustöðin kemur tilbúinn í gámum til landsins. Í upphafi er ekki gert ráð fyrir að brenna sigvatnið en eins og er virðist ekki vera nægt gas á svæðinu til að það sé hægt. Ákveðið að Gunnar og/eða Smári komi á aðalfund félagsins og kynni verkefnið fyrir eigendum og í framhaldi af því verði tekinn endanleg ákvörðun um lokaútfærslu á þeim tækjum sem rétt er talið að kaupa.

6. Önnur mál

Magnús kynnti drög að eftirlitsskýrslu frá Umhverfisstofnun en fulltrúar hennar komu í reglubundið eftirlit á staðinn 31. maí sl. Í stuttu máli þá fær staðurinn mjög góða einkunn og ekki koma fram athugasemdir á starfseminu í skýrslunni.

Fannar gerði grein fyrir að fyrirstaða í gorgryfju væri ekki að halda og huga þurfi að úrbótum á því. Einnig gerði Fannar grein fyrir því að gera þyrfti nýjan vegslóða niður í gorgryfjuna í sumar þannig að hægt væri að byrja á nýjum stað í gorphólfinu að urða í haust.

Fundi slitið kl. 16:15

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson

Eiríkur L. Hauksson